

Stjórnarfundur Félags hrossabænda

haldinn í síma miðvikudaginn 15. okt. kl. 19:30

Allir stjórnarmenn tóku þátt: Sveinn Steinarsson formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari, Eysteinn Leifsson meðstjórnandi og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri, sem ritar fundargerð.

Sveinn setti fundinn og gengið var til dagskrár.

Fyrsta mál á dagskrá var umræða og vinna varðandi **landsmót framtíðarinnar** og sýn þar á. FHB hefur sent út umræðupunkta til aðildarféлага sinna og vonast stjórn til að fulltrúar á aðalfundi komi vel undirbúnir til fundar varðandi þessa umræðu. Sveinn kynnti hugmynd sína um myndun starfshóps sem skipaður væri fulltrúum allra helstu hagsmunaaðila og myndi vinna að endurskoðun á aðkomu kynbótahrossa á landsmótum. Hópurinn myndi starfa fram í febrúar og skila svo tillögum til stjórnar. Sú vinna yrði svo kynnt í fundarferð formanns í vetur og tillögur hópsins yrðu síðan til umfjöllunar og mótunar til aðalfundar 2015.

Tillagan rædd og fundarmenn á því að beina þessari vinnu að faglega hlutanum er snýr að kynbótahrossum, en skilja önnur mál s.s. staðsetningu þar fyrir utan. Einnig rætt um fjölda í slíkum vinnuhópi og kostnað við hann. Samþykkt að skipa slíkan hóp sem í sætu fjórir fulltrúar Fhb, einn frá FT, kynbótadómurum, fagráði og RML. Stjórnarmenn munu huga að skipan hópsins og gera tillögur að mönnun hans á næsta stjórnarfundum.

Þá greindi Sveinn frá fundi formanns og framkvæmdastjóra með forsvarsmönnum BÍ. Þar var m.a. rætt um framtíðarskipulag og hlutverk **ábyrgðamanns hrossaræktar** í greininni (áður hrossaræktarráðunautur). Fulltrúar Fhb lögðu mikla áherslu á að þessu starfi yrði viðhaldið, af faglega sterkum leiðtoga, innanlands og utan. Forsvarsmenn BÍ tóku þessu vel og sögðust telja slíkt starf nauðsynlegt en finna yrði því farveg og fjármagn á milli BÍ og RML. Málið er til áframhaldandi skoðunar enda liggur nú fyrir að Guðlaugur Antonsson fyrrverandi hrossaræktarráðunautur mun ekki snúa aftur til starfsins að loknu ársleyfi.

Stjórnarmenn allir sammála um mikilvægi starfsins og nauðsyn þess að því verði komið í ákveðinn farveg.

Því næst var farið yfir stöðu mála varðandi hugsanlegan **samræmdan hrossasöluvef** og gagnagrunn. Sveinn sagði frá vinnu og fundum sem farið hafa fram hvað þetta mál varðar og niðurstöðum á lauslegri kostnaðargreiningu tölvudeildar BÍ. Hefur jafnvel verið til þess horft að kaupa slíkan vef tilbúinn ef hann fæst fyrir ásættanlegt verð og sinnir sama hlutverki og um hefur verið rætt. Hins vegar telja stjórnarmenn ekki forsvaranlegt að fara af stað í uppbyggingu á vef sem seldur er aðgangur að, í samkeppni við fría vefi. Málið verður rætt frekar á næsta fundi og farið frekar yfir þá vinnu sem í þetta mál hefur verið lögð frá síðasta aðalfundi.

Aðalfundur Fhb og hrossaræktarráðstefna fagráðs fara fram 7. og 8. nóv. nk. og uppskeruhátíð hestamanna að kvöldi 8. nóv. í Gullhömrum. Hátíðin verður haldin undir merkjum LH og Fhb.

Næst voru **markaðs- og kynningarmálin** til umræðu en Sveinn sagði æskilegt að leggja drög að því starfi á komandi starfsári. Heimsmeistaramót, Equitana og fleiri verkefni báru á góma. Skoða þarf fjárhagsliðina og vinna áætlun um markaðs- og kynningarstarfið framundan. Félagið hefur ekki skuldbundið sig til neins ennþá en mun áfram leita leiða til að fjármagna markaðsstarfið og áhugaverð verkefni. Formaður og framkvæmdastjóri munu hitta fulltrúa Equitana í næstu viku og senda stjórnarmönnum frekari upplýsingar eftir því sem þær berast.

Stjórnarkjör á komandi aðalfundi rætt og staðfest er að Vignir Sigurðsson gefur kost á sér áfram, en Sigbjörn Björnsson ekki. Kosið verður um tvo stjórnarmenn til þriggja ára og þrjá varamenn til eins árs.

Undir liðnum **önnur mál** tók Sigbjörn til máls og ræddi fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur á þeim vettvangi. Þarf ekki eitthvað að skoða hugsanlegar tekjuleiðir og hvernig greinin getur lagt meira til starfsins beint, t.d. markaðsstarfsins? Æskilegt væri að koma með einhverja umræðupunkta eða tillögur hvað þetta varðar til aðalfundarins. Formaður og framkvæmdarstjóri munu ræða við forustumenn BÍ og fá upplýsingar um hvenær reikna má með að búnaðargjald falli niður og ræða ákveðna kosti sem þau telja að geti verið tekjugrunnur fyrir félagið til framtíðar.

Þá spurði Sigbjörn hvort hann fengi heimild stjórnar til að leita eftir myndefni af LM þar sem sýningar upp á **9,5 – 10** sjást. Halda áfram að safna því efni og nýta í kynningarstarfi. Stjórn samþykkti að Sigbjörn athugi kostnað við slíkt verkefni og kynni fyrir stjórn. Þá leitaði hann líka eftir stuðningi stjórnar við framþróun hugmyndar sinnar um **ræktunarþorp** á Landsmótum framtíðarinnar. Fundarmenn sammála um að sú hugmynd sé áhugaverð og mun Sigbjörn þróa hana áfram.

Sveinn velti fyrir sér **fækkun í HEP** og spurði Vigni þar út í. Vignir taldi að hækkun á félagsgjöldum spilaði þar stærsta rullu.

Stjórnarmenn ræddu þá stöðu sem liggur fyrir, þ.e. að **framkvæmdarstjóri félagsins hefur sagt upp störfum** frá og með áramótum. Ekki var tekin ákvörðun um næstu skref varðandi ráðningu á framkvæmdarstjóra enda þarf að skoða fjárhagslegar forsendur félagsins áður en lengra er haldið. Framkvæmdarstjóri vék af fundi undir þessum lið.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 22:00.

HGG/hgg